

**Dagsetning:** Miðvikudagur 15. september 2016  
**Fundartími:** Kl. 17:00  
**Staðsetning:** Fundarherbergi fjölskylduþjónustu.

**Mættir:** Bergur Þorri Benjamínsson, Jóna Imsland, Kristjana Jóhannesdóttir, Ágústa Þorvaldsdóttir og Ásrún Jónsdóttir.

**Gestur fundarins:** Aðalsteinn Hrafnkelsson forstöðumaður sundstaða bæjarins.

#### Dagskrá fundarins:

1. Aðgengi.

Lyfta í Ásvallalaug.

Ráðgjafarráð átti í samskiptum við nokkra aðila innan bæjarkerfisins vegna lyftu í Ásvallalaug en lyftan er ekki komin. Fjárveiting var veitt fyrir verkinu á þessu ári. Aðalsteinn Hrafnkelsson forstöðumaður sundstaða Hafnarfjarðarbæjar kom á fundinn. Aðalsteinn kom að málinu síðast liðið vor en vegna erfiðrar fjárhagsstöðu bæjarins hafa orðið tafir hjá framkvæmdasviði við ýmis verkefni. Aðalsteinn kynnti mismundi tegundir af lyftubúnaði sem koma til greina og verður málið unnið áfram með framkvæmdasviði og mun Aðalsteinn upplýsa ráðið um stöðuna. Ráðið er hlynnt því að keypt verði lyfta af **poolpod** gerð. Bætt hefur verið úr aðgengi í búningsklefum í Ásvallalaug með handföngum í búningsklefunum.

Rætt um að senda bréf til fjölskyldu- og bæjarráðs um verkefni sem ráðgjafarráði hefur óskað eftir að verði framkvæmd en ekki orðið af svo sem á göngustígum. Bæta þarf aðgengi á bílastæðum fyrir fatlað fólk. Bílastæði sérmerkt fötluðu fólki eru stundum ekki nægilega breið og því erfitt að komast úr bílnum sé fólk með einhvers konar hreyfihömlun.

2. Fundur verður hjá fjölskylduráði 26. september um fjárhagsáætlun bæjarins og er óskað eftir að fulltrúi ráðgjafarráðs í málefnum fatlaðs fólks komi á fundinn og kynni áherslur ráðsins í málaflokknum. Bergur mun mæta á fundinn. Umræður um áherslur ráðsins fyrir fund fjölskylduráðs.
3. Skipulag vetrarstarfs. Fundir verða annan fimmtudag í mánuði kl. 17:00.
4. Ráðgjafarráð mun kynna sér nýja „Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks“.
5. Nýjar tilnefningar hagsmunasamtaka (ÖBÍ og Þroskahjálpi) vegna endurnýjunar ráðsmanna. Beiðni hefur verið send til hagsmunasamtakanna um tilnefningu og er vonast til að það verði fljótlega.
6. Önnur mál. Umræða um reglur heimaþjónustu, sem ekki taka alltaf mið af þörfum fatlaðs fólks. Brýnt að endurskoða reglur að mati fundarmanna

Fundi slitið kl. 18:15.

Næsti fundur verður 13. október 2016.

Fundarritun: Ásrún Jónsdóttir